

AUGLÝSING

um umferð á Blönduósi.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Blönduóshrepps og samkv. heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð og stöður bifreiða á Blönduósi:

1. Hnjúkabyggð verði aðalbraut frá Norðurlandsvegi (Þjóðvegi 1) að Aðalgötu.
 2. Stöðvunarskylda verði á Hnjúkabyggð gagnvart umferð á Norðurlandsvegi (Þjóðvegi 1).
 3. Bannað er að leggja ökutækjum á eftirtöldum stöðum:
 - a) Á vesturhluta Húnabrautar.
 - b) Á austurhluta Mýrabrautar.
 - c) Á austurhluta Hólabrautar.
 - d) Á vesturhluta Holtabrautar.
 - e) Á vesturhluta Árabrautar.
- Ákvæði auglýsingarinnar tekur gildi þegar í stað.

Sýslumaður Húnavatnssýslu, 7. ágúst 1987.

Jón Ísberg.

AUGLÝSING

um umferð í Árnassýslu.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefur ráðuneytið ákveðið að Þingvallavegur (36) skuli teljast aðalbraut gagnvart Uxahryggjavegi (52) og Þjóðgarðsvegi.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. ágúst 1987.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.